

30. stjórnarfundur FUM

Félags um menntarannsóknir

haldinn í KHÍ

12. janúar 2005 kl. 15:30

Mættir: Jóhanna Einarsdóttir formaður, Hafþór Guðjónsson gjaldkeri, Guðný Guðbjörnsdóttir og Börkur Hansen meðstjórnendur, Guðrún Geirsdóttir, ritari. Kristín Guðmundsdóttir boðaði forföll. Júlíus K. Björnsson sat fundinn að hluta.

- *Fundargerð síðasta fundar.*

Frestað til næsta fundar.

- *Tímaritið- uppgjör-framhald*

Júlíus K. Björnsson ristjóri kom á fundinn og tók þátt í umræðum þar sem leitast var við að draga saman reynsluna af útgáfu fyrsta tímaritsins og leggja drög að frekari útgáfu, verklagi og ferlum.

Rætt var um þá seinkum sem varð á útgáfunni og ástæður hennar sem voru m.a. taldar vera óvissa greinarhöfunda um kröfur til greinaskrifa, ritstjóranskipti svo og tímaskortur ritstjóra. Eftirfarandi atriði voru talin mikilvæg:

- Finna þarf ritstjóra sem hefur tíma í verkið og greiða honum ákveðna þóknun fyrir störf sín.
- Ritnefnd setji fram skýrar vinnureglur hvað varðar kröfur til greina, yfirlestur, skilafrest og rétt til að hafna greinum sem ekki uppfylla kröfur.
- Kröfur um greinar hafa verið settar fram í fyrsta tímariti og ættu nú að vera væntanlegum greinarhöfundum ljósar.
- Greiða þarf fyrir prófarkalestur greina.
- Greinar sem uppfylla kröfur verði settar í ritrýningu til tveggja aðila utan ritnefndar og til hins þriðja séu niðurstöður ritrýna ósættanlegar.

Velja þarf nýja ritnefnd og kanna þarf hvort að fyrri nefndarmenn hafi hug á áframhaldandi setu. Taldi Júlíus að stærð ritnefndar (fjórir auk ritstjóra) væri hæfileg.

Prentuð voru 300 eintök af fyrsta tímaritinu og hafa eintök þegar verið send þeim félagsmönnum sem greitt höfðu fyrir það með þátttökugjaldi á ráðstefnu FUM. Öðrum gefst kostur á að panta tímaritið og kaupa á vefsíðu félagsins og hafa margir nú þegar nýtt sér það. Farið verður fram á að bóksölu háskólanna taki tímaritið í sölu og rætt var um að vekja athygli annarra s.s. bókasafna á útgáfu þess. Leita þarf fleiri leiða til að kynna tímaritið.

Rætt var um kostnað við útgáfu tímaritsins en hann virðist liggja á bilinu 850 – 900 þúsund og þarf að huga að þeim lið við ákvörðun félagsgjalda á aðalfundi.

Júlíus K. Björnsson vék að fundi að lokum umræðum um tímaritið og var honum þökkun ritstjórn og framlag til útgáfu þess.

- *Aðalfundur og ný stjórn*

Aðalfundur Félags um menntarannsóknir verður haldinn í Kennaraháskóla Íslands þann 17. febrúar kl.16:30. Þá munu ganga úr stjórn Jóhanna Einarsdóttir, formaður, Guðrún Geirsdóttir, ritari og Börkur A. Hansen, meðstjórandi. Rætt var um nýja stjórnarmenn og var formanni falið að leita eftir hugmyndum félagsmanna á vef félagsins.

Lögum félagsins var dreift til fundarmanna.

5. Ákveðið að halda næsta fund þriðjudaginn 8. febrúar 2005 kl. 15:30 í KHÍ.

Fundarritari
Guðrún Geirsdóttir